



## Kæru foreldrar 6-12 ára barna!

Nú eru sumarnámskeiðin að hefjast og við erum heldur betur með mikinn mannauð þetta sumarið og getum boðið upp á fjölbreytt starf með ævintýraleiðöngum, vettvangsferðum, fjöruferðum, fuglaskoðunarleiðöngum, heimsóknum, hestamennsku, útiveru og íþróttum.

Samstarfsaðilar sveitarfélagsins í sumarnámskeiðum er ungmennafélagið Afturelding og verður fjölbreytt íþróttastarf samhliða. Þær íþróttir sem verða í boði þetta sumarið eru:

- Frjálsar íþróttir verða tvo daga í viku (þjálfari: Sigríður Drífa Þórólfsdóttir)
- Fótbolta æfingar verða 3 daga í viku (þjálfari: Birta Dögg Álfhildardóttir)
- Fimleikaæfingar verða 2 daga í viku (þjálfari: Dóróthea Sigríður Unnsteinsdóttir)

Námskeiðin verða á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá 8. Júní - 1. Júlí og svo aftur mánudag til fimmtudags 16.-19. ágúst. Hópastípting verður að einhverju leiti 1.-3. Bekkur og svo 4.-6. bekkur. Við munum verða í góðu sambandi við leikskólann og fá elstu krakkarnir þar að koma inn sem gestir til okkar.

- Móttaka barna verður frá 9:00-9:30
- Dagskrá hefst 9:30
- Hádegismatur 11:45
- Dagskrá lýkur kl. 15:00

Þetta sumarið verður tilraunaverkefni að bjóða upp á akstur sveitabarna á námskeiðin og í aðra þjónustu á vegum sveitarfélagsins svo sem vinnuskóla og leikskóla.

Hægt verður að kaupa mat fyrir börnin hjá mötuneyti Reykhólahrepps skv. verðskrá. Hægt er að skrá sig í mötuneyti allt námskeiðið en einnig verður hægt að skrá fyrir hverja viku í senn og þarf skráning að berast fyrir kl. 10 á mánudegi.

Skráning á námskeiðin, í akstur og í mötuneyti er hjá Jóhönnu í netfangi [johanna@reykholar.is](mailto:johanna@reykholar.is) en einnig má hafa samband á Facebook eða í síma 6982559.

Verð á námskeiðið með íþróttæfingum, er 1.500 krónur dagurinn en 17.000 ef skráð er á allt tímabilið. Við minnum á tómstundastyrk sveitarfélagsins og einnig tómstundastyrk vegna Covid 19. En styrkurinn nær til heimila þar sem heildartekjur á heimili fara ekki yfir 740.000 á mánuði tímabilið mars-júlí 2020. Umsóknarfrestur rennur út 31. Júlí og munum við senda út reikning fyrir námskeiðinu í lok júní svo fólk geti nýtt þann styrk: <https://island.is/styrkur-til-ithrotta-og-tomstundastarfs>

Kær kveðja  
Jóhanna og Sjöfn

